

Föstudaginn 2. maí 1997.

Nr. 79/1996.

Jóhannes P. Guðbjartsson

(Ástráður Haraldsson hrl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Jón G. Tómasson ríkislögmaður)

Skaðabætur. Vinnuslys. Ábyrgð. Verksamningur. Örorka. Miski. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1996. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 5.672.450 krónur í skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. mars 1995 til 2. maí sama ár og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, og verði þar tekið tillit til þess, að hann naut gjafsóknar fyrir héraðsdómi.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á bótakröfu áfrýjanda ásamt því, að málskostnaður verði látinn niður falla.

I.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar greinir, varð áfrýjandi fyrir því slysi 1. ágúst 1985 að falla niður af þaki á húsi á Keldnaholti, sem þar var í byggingu fyrir Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, þegar hann var við vinnu á þakinu ásamt þremur öðrum starfsmönnum Davíðs Axelssonar húsasmíðameistara og Sigurði Hermannssyni, starfsmanni stofnunarinnar, sem hafði með höndum eftirlit og byggingarstjórn af hálfu húsbyggjenda. Hlaut áfrýjandi alvarleg meiðsl á hægri fæti, er leiddu til verulegrar örorku. Var örorkan fyrst metin í janúar 1987, eftir að

hann hafði gengist undir þrjár skurðaðgerðir á fætinum. Síðara örorkumat fór fram í júlí 1993, og hafði hann þá gengist undir fjórar aðgerðir til viðbótar, á árunum 1990-1992.

Kröfu sinni um bætur vegna slyssins beindi áfrýjandi í upphafi að vinnuveitanda sínum, Davíð Axelssyni, sem naut ábyrgðartryggingar hjá Vátryggingafélaginu Tryggingu hf. Höfðaði hann mál á hendur vinnuveitandanum á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu 17. ágúst 1987 og reisti fjárkröfur sínar þar á hinu fyrra örorkumati. Áður hafði lögmaður áfrýjanda leitað um það upplýsinga hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, hvernig sambandi vinnuveitandans og byggjenda hússins hefði verið háttað og um hvaða verkþætti verið við hann samið. Með bréfi forstöðumanns 1. júlí 1987 hafði því verið svarað á þá leið, að Davíð Axelsson hefði verið trésmíðaverktaki við nýbyggingu stofnunarinnar og haft við verkið nokkurn hóp trésmíða, þar á meðal áfrýjanda.

Dómsmál þetta var fellt niður 6. nóvember sama ár, eftir að samkomulag hafði náðst utan réttar við Tryggingu hf. um uppgjör á bótum til áfrýjanda vegna slyssins. Samkvæmt skaðabótakvittun til félagsins 9. október 1987 greiddi það honum þá umsamdar fullnaðarbætur fyrir allt fjártjón hans og miska, 1.175.000 krónur, ásamt 350.000 krónum í vexti. Áður hafði félagið greitt honum samtals 287.351 krónu í bætur úr samningsbundinni slysatryggingu launþega, þar af 52.211 krónur í dagpeninga. Í umræddri kvittun var tekið fram, að með skaðabótunum væru allar kröfur vegna tjónsins að fullu greiddar, og væri öllum endurgreiðslum eða kröfum á hendur þriðja aðila vegna tjónsins afsalað til Tryggingar hf.

Áfrýjandi segir uppgjorið hafa verið við það miðað, að Davíð Axelssyni bæri að bæta 50% af tjóni sínu vegna slyssins. Af hálfu Tryggingar hf. hefur þetta verið staðfest í bréfi til ríkislögmanns 21. júní 1994, sem lögfræðingur félagsins, er stóð að uppgjörinu, ritaði fyrir þess hönd. Segir í bréfinu, að umrætt hlutfall ábyrgðar vinnuveitandans hafi verið ákvarðað með hliðsjón af því, að verkstjórn og öryggisráðstafanir við klæðningu á þakinu hafi verið í höndum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, svo og hugsanlegri eigin sök tjónþola, eins og rakið er orðrétt í hinum áfrýjaða dómi.

Eftir að örorka áfrýjanda hafði verið metin öðru sinni, greiddi Trygging hf. honum 13. október 1993 viðbótarbætur úr slysatrygg-

ingu launþega, 156.760 krónur. Jafnframt féllst félagið á að greiða honum samtals 610.000 krónur til viðbótar í skaðabætur úr ábyrgðartryggingu Davíðs Axelssonar ásamt 67.258 krónum í vexti. Fór greiðslan fram samkvæmt skaðabótakvittunum 6. janúar og 16. mars 1994, með sama áskilnaði um fullnaðarbætur og endurkröfurétt og gerður var í fyrri kvittun frá 9. október 1987.

Kröfu á hendur stefnda vegna slyssins setti áfrýjandi fyrst fram með bréfi til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins 8. mars 1994, um þær mundir, sem síðastnefnd greiðsla var til meðferðar hjá Tryggingu hf. Fór áfrýjandi þar fram á samninga um bætur fyrir þann hluta af tjóni sínu, sem hann fengi ekki bættan úr hendi félagsins vegna Davíðs Axelssonar. Með bréfi ríkislögmans 8. júlí sama ár var kröfunni hafnað.

II.

Krafa áfrýjanda í málinu er á því reist, að aðilar að byggingu hússins á Keldnaholti beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans af slysinu að óskiptu með verktakanum Davíð Axelssyni, sem verið hafi vinnuveitandi hans. Verði sú ábyrgð rakin til þess, að aðilarnir hafi sjálfir haft hönd í bagga um stjórn og tilhögun verka við bygginguna ásamt því, hvaða ráðstafanir voru þar gerðar vegna öryggis starfsmanna.

Þegar til álita kemur, að tveir aðilar beri ábyrgð á sama tjóni, er það að jafnaði ekki skilyrði til heimtu skaðabóta, að þær séu sóttar úr hendi þeirra í sameiningu. Glataði áfrýjandi ekki rétti á hendur stefnda við það eitt að beina dómsmáli gegn vinnuveitanda sínum, án þess að honum væri einnig stefnt til ábyrgðar. Afstaða vinnuveitandans í því máli gat ekki orðið bindandi fyrir stefnda né heldur það uppgjör hans við áfrýjanda, sem fram fór utan réttar. Er álitaefnið hér einungis það, hvort meta megi framgöngu áfrýjanda við uppgjörið á þann veg, að hann hafi fallið frá öllum frekari kröfum vegna slyssins. Óumdeilt er, að hinar umsömdu bótagreiðslur náðu aðeins til hluta af því tjóni, sem hann taldi til. Kvittanir hans til Tryggingar hf. voru í stöðluðu formi og verða ekki sjálfkrafa skýrðar þannig, að í þeim felist fullnaðaruppgjör gagnvart öðrum en viðtakandanum eða afsal á kröfurétti vegna annars en þeirra fjárhæða, sem á milli fóru. Sýnt er, að áfrýjanda gat verið brýnt að bæta fjár-

hag sinn með uppgjörinu og að tilraun til að tengja það við uppgjör gagnvart stefnda gæti orðið til tafar. Auk þess, sem þannig má atla um stöðu áfrýjanda, liggur fyrir eindregin yfirlýsing frá Tryggingu hf. í þá átt, að uppgjórið hafi miðast við, að hann ætti einnig bótarétt gagnvart stefnda. Jafnframt er ljóst af yfirlýsingunni og atvikum að öðru leyti, að félagið telur á engan hátt vegið að hagsmunum sínum eða skjólstæðings síns með þeirri kröfugerð, sem hér er uppi höfð. Með hliðsjón af öllu þessu verður að fallast á það með áfrýjanda, að uppgjör hans gagnvart Davíð Axelssyni standi málsókn þessari ekki í vegi. Þegar litið er til sjúkrasögu áfrýjanda, verður einnig á það að fallast, að dráttur hans á kröfugerð gagnvart stefnda hendi ekki til tómlætis, er leiða eigi til sýknu.

III.

Hús Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins var tilraunabygging, sem kostuð var af fé til rannsóknastarfsemi og miðuð við notkun byggingarefnis og byggingaraðferða, er stofnunin hafði haft til rannsóknar um árábil. Voru veggir og þak gerð úr tilbúnum einingum, svo að venjulegra vinnupalla vegna uppsteypu og múrhúðunar þurfti ekki við. Stofnunin hafði forsögn um byggingu hússins og lagði til verksins nokkra iðnaðarmenn, sem hún hafði í þjónustu sinni, jafnframt því að ráða verktaka til að annast tiltekna þætti þess. Var starfsmanni stofnunarinnar, Sigurði Hermannssyni húsasmíðameistara, falið eftirlit með framkvæmdum og yfirstjórn þeirra af hálfu byggienda. Ekki er fram komið, hvort nokkur aðili utan stofnunarinnar var skráður sem meistari eða byggingarstjóri við húsið, sbr. IV. kafla byggingarreglugerðar nr. 292/1979.

Davíð Axelsson húsasmíðameistari var ráðinn til starfa sem verktaki við bygginguna, eftir að framkvæmdir hófust. Hann vann ekki að því að gera grunn hússins eða reisa veggir og þak og var ekki skráður sem húsasmíðameistari þess. Hins vegar var honum falið að sinna ýmsum trésmíðaverkefnum, sem til féllu, þar á meðal klæðningu á þakinu. Lagði hann til þeirra nokkurn hóp trésmíða, en aðist ekki beina verkstjórn á staðnum, heldur hafði einn smíðanna forystu fyrir þeim. Skriflegur verksamningur við Davíð liggur ekki fyrir, og má telja óvíst, að hann hafi verið gerður. Benda gögn málsins eindregið til þess, að hann hafi unnið verk sitt í reikningsvinnu

án útboðs á verkefnum og verklaun einkum verið fólgin í endurgjaldi fyrir tímavinnu trésmiðanna.

Áfrýjandi var einn fjögurra trésmiða, sem unnu að klæðningu á þaki hússins undir eftirliti Sigurðar Hermannssonar, er tók nokkurn þátt í verkinu. Lítil halli var á þakinu, og fór vinnan fram án þess, að nokkrar fallvarnir væru viðhafðar. Var hvorki handrið né vinnupallur við þakbrún og engar líflínur á staðnum. Að sögn vitna var það alsíða að standa þannig að verki á svo lágreistu þaki, en hins vegar var þetta í mótsögn við ákvæði reglugerðar nr. 204/1972 um öryggisráðstafanir við byggingarvinnu, sbr. einkum 9. gr. og 17. gr. hennar, og meginreglu 1. mgr. 37. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í 17. gr. reglugerðarinnar er því lýst, hverra ráðstafana skuli almennt gæta við vinnu á þaki, og er þar ekki aðeins tekið mið af halla á þökum, heldur einnig af hæð þeirra frá jörðu eða næsta vinnufleti. Í 6. mgr. greinarinnar segir, að draga megi úr öryggisráðstöfunum á flötum þökum upp í allt að 5 metra yfir jörðu, ef aðrar kringumstæður leyfi. Í þessu tilviki var hæð þakbrúnar um 6 metrar.

Ljóst er, að slys áfrýjanda verður meðal annars rakið til þessa skorts á fallvörnum. Sem vinnuveitanda hans bar Davíð Axelssyni að tryggja, að öryggis hans væri gætt með viðeigandi ráðstöfunum, sbr. 13. gr. laga nr. 46/1980. Þegar litið er til þess, sem fram er komið um skipan verka við bygginguna, verður á hinn bóginn að draga í efa, að staða hans sem verktaka hafi verið slík, að hann hafi átt um það óskorað ákvörðunarvald, hvaða ráðstöfunum yrði beitt. Virðist það fremur hafa verið á valdi húsbyggjenda eða háð samþykki þeirra, hvort kostað yrði til handriða eða vinnupalla eða tilfæringa í þeirra stað. Hafi verktakinn helst átt eindæmi um það að leggja til líflínur, en ekki hefur verið skýrt í málinu, hversu vel þær hentuðu við það starf, sem áfrýjandi var að sinna. Ekki er ótvírætt, hver staðan var milli verktaka og verkkaupa að þessu leyti, og ekki er sannað, að verktakinn hafi haft uppi brýn tilmæli við húsbyggjendur um útvegum fallvarna. Hins vegar hefur stefndi ekki sýnt fram á, að húsbyggjendur hafi falið þessum verktaka eða öðrum með skýrum hætti að gæta þess, er gæta þurfti um öryggi við byggingarvinnuna. Til hliðsjónar um skyldur í því efni má benda á 1. mgr. 36. gr. laga nr. 46/1980, sem kveður á um samhæfingu öryggisráðstafana, þegar

fleiri en einn verktaki starfa samtímis að mannvirkjagerð. Hefur stefndi meðal annars ekki sannað, að stofnunin hafi ekki sjálf átt að gegna því hlutverki byggingarstjóra eða meistara, sem þar er til vís- að. Jafnframt þessu liggur fyrir, að eftirlitsmaður stofnunarinnar lét það viðgangast, hvernig staðið var að vinnu á þakinu.

Að öllu þessu athuguðu verður að telja, að stefndi beri skaða- bótaábyrgð á tjóni áfrýjanda af slysinu. Er þá einnig litið til þess, að það var eftirlitsmaður stofnunarinnar, sem réð framvindu verka við klæðningu á þakinu þann dag, er áfrýjandi slasaðist. Gat hann og haft áhrif á það, hvernig verkunum var hagað, þótt honum væri ekki ætlað að stjórna handbrögðum áfrýjanda og félaga hans.

Áfrýjandi var vanur trésmiður og mátti gera sér ljósa grein fyrir þeim hættum, sem vinnu hans voru samfara. Ósannað er, að hann hafi borið fram eindregna kvörtun yfir skortinum á fallvörnum. Að áliti hinna sérfróðu meðdómenda í héraði voru vinnubrögð trésmið- anna við lagningu þakplatnanna enn fremur ekki þau varlegustu, sem unnt var að beita í þeim vindi, er truflaði vinnuna. Á áfrýjandi þannig sjálfur nokkra sök á slysinu. Möguleikar hans til að koma fram öryggisráðstöfunum voru þó takmörkunum háðir, og hann réð ekki einn umræddum vinnubrögðum. Er hæfilegt, að hann beri sjálfur tjón sitt að 1/4 hluta.

IV.

Svo sem um getur í hinum áfrýjaða dómi, hlaut áfrýjandi mikil meiðsl á hægra fæti við fall sitt af húspakinu. Þurfti hann að gangast undir ítrekaðar skurðaðgerðir og átti við þjáningar að etja um langa hríð. Fékk hann ekki varanlega bót meina sinna, og lauk aðgerðun- um með því, að gerður var staurliður um hægri ökkla. Gengur áfrýj- andi því haltur auk þess að búa við önnur óþægindi.

Björn Ölundarson læknir mat örorku áfrýjanda 25. janúar 1987, einu og hálfu ári eftir slysið. Að áliti hans hafði áfrýjandi hlotið tímabundna örorku, sem nam 100% í fjórtán og hálfan mánuð frá slysdegi og 75% í tvo mánuði til viðbótar. Varanlega örorku taldi læknirinn verða 35%. Læknismeðferð sú, sem þá var lokið, dugði ekki til að draga úr afleiðingum slyssins, og versnaði áfrýjanda enn til muna. Var afstaða til þess tekin í örorkumati Sigurjóns Sigurðs- sonar læknis, sem fram fór 20. júlí 1993. Samkvæmt því mati nemur

varanleg læknisfræðileg örorka af slysinu 45%, en tímabundin örorka var ekki endurskoðuð. Þessum álitserðum hefur ekki verið hnekkkt, og verða þær hafðar til hliðsjónar við ákvörðun bóta, eftir því sem við á.

Bótakröfu sína miðar áfrýjandi við, að helmingur af tjóni hans sé enn óbættur úr hendi þeirra, sem hann telur ábyrga að slysinu. Samkvæmt gögnum um uppgjör hans við Tryggingu hf. er ótvírætt, að þetta fái staðist, og verður honum talið heimilt að bera kröfuna fram í því horfi, sem hún er.

Krafa um bætur fyrir fjártjón styðst við líkindareikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 17. mars 1995, þar sem vinnutekjutap af völdum slyssins er reiknað í hlutfalli við metna örorku. Miðað er við tekjur áfrýjanda samkvæmt skattframtölum fyrir árin 1982-1984, og er meðaltal árstekna 1.658.400 krónur eftir kauplagi á útreikningstíma. Höfuðstólsverðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi er reiknað eftir almennum sparisjóðsvöxtum yfir tímabilið fram til 17. mars 1995. Eftir þann dag eru notaðir 4,5% ársvextir og vaxtavextir, og er niðurstaðan að því leyti sett fram í viðbótarreikningi 12. apríl 1995. Krafan sundurliðast þannig ásamt kröfu um miskabætur, þegar miðað er við helming heildartjóns:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	393.900
Vegna varanlegrar örorku	–	4.767.500
Vegna tapaðra lífeyrisréttinda	–	286.050
		<hr/>
Samtals vegna fjártjóns	kr.	5.447.450
Miskabætur	–	225.000
	Samtals	kr. 5.672.450
		<hr/>

Vegna slyssins fékk áfrýjandi veikindalaun frá vinnuveitanda sínum um nokkurt skeið, samtals 277.600 krónur, svo og dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins, 21.894 krónur. Einnig fékk hann 52.211 krónur í dagpeninga frá Tryggingu hf. Um störf hans eftir slysið liggja ekki fyrir önnur gögn en skýrslur hans til lækna við læknismeðferð og örorkumat. Gefa þær til kynna, að hann hafi reynt alllengi að halda áfram vinnu við húsasmíði þrátt fyrir erfiðleika, sem á því voru. Greinargerð hans um tekjumissi vegna tíma-

bundinnar örorku er ófullnægjandi, og verður að hafna þeim þætti kröfunnar.

Um greiðslur til áfrýjanda vegna varanlegrar örorku liggur fyrir, að hann fékk samtals 391.900 krónur frá Tryggingu hf. úr samningsbundinni slysatryggingu launþega. Var litið til þess við uppgjör milli hans og Davíðs Axelssonar, þannig, að verðmæti greiðslanna var dregið að fullu frá umsömdum skaðabótum á grundvelli ákvæða í kjarasamningi.

Auk þessa fékk áfrýjandi 461.652 krónur í eingreiðslubætur úr lögbundinni slysatryggingu hjá Tryggingastofnun ríkisins, eftir að fyrra örorkumat hans lá fyrir. Var slysdagsverðmæti greiðslunnar talið nema 401.000 krónum, þegar gert var upp við Tryggingu hf., og hliðsjón þar höfð af því. Eftir síðara örorkumatið fékk hann 209.321 krónu til viðbótar úr þessari slysatryggingu. Ber að taka tillit til þeirrar greiðslu við ákvörðun bóta úr hendi stefnda.

Að þessu athuguðu og að teknu tilliti til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsi hennar þykir óbætt fjártjón áfrýjanda, er virða megi til bóta úr hendi stefnda, hæfilega ákvarðað 3.600.000 krónur, og er tap á vinnutekjum og lífeyrisréttindum þá metið í einu lagi.

Hálfar bætur samkvæmt kröfu áfrýjanda vegna miska af völdum slyssins ákvarðast 200.000 krónur.

Á grundvelli þess, að áfrýjandi eigi sjálfur að bera fjórðung af heildartjóni sínu, verður stefndi þannig dæmdur til að greiða honum 1.900.000 krónur í skaðabætur vegna slyssins ásamt vöxtum frá útreikningstíma bótakröfu og dráttarvöxtum frá þingfestingu málsins í héraði, eins og krafist er.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað áfrýjanda í héraði.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði áfrýjanda, Jóhannesi P. Guðbjartssyni, 1.900.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. mars 1995 til 2. maí sama ár og

dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Gjafsóknarákvæði hins áfrýjaða dóms á að vera óraskað.

Stefndi greiði áfrýjanda 390.000 krónur í málskostnað í héraði, er renni í ríkissjóð.

Stefndi greiði áfrýjanda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i
Guðrúnar Erlendsdóttur og
Péturs Kr. Hafstein

Ef Davíð Axelsson húsasmíðameistari og stefndi í þessu máli væru báðir taldir bera ábyrgð á tjóni áfrýjanda, væri hún solidarísk, og áfrýjandi hefði getað sótt hvorn þeirra, sem er, um greiðslu fullra bóta. Hann kaus að fara þá leið í ágúst 1987 að höfða mál gegn Davíð og tryggingafélagi hans, Tryggingu hf. Stefnda verður ekki gefin sök á því, hvernig áfrýjandi hagaði málsókn sinni, þótt í svarbréfi Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins 1. júlí 1987 við fyrirspurn lögmanns áfrýjanda um réttarsamband Davíðs og stofnunarinnar hafi það eitt komið fram, að Davíð hafi verið trésmíðaverktaki við nýbygginguna og haft við það nokkurn hóp trésmíða. Spurningunni um stöðu húsbyggjandans var ósvarað, og það var á valdi áfrýjanda eins að meta það, hvort hann vildi blanda honum í málið.

Í stefnu þessa máls árið 1987 taldi áfrýjandi, að Davíð Axelsson bæri sem vinnuveitandi sinn fulla skaðabótaábyrgð á slysinu vegna skorts á viðhlítandi verkstjórn og að hafa látið starfsmenn sína hefja störf við óforsvaranlegar aðstæður. Í stefnunni er á því byggt, að verkstjóri starfsmanna Davíðs hafi verið Erlingur Þorsteinsson, einn starfsmanna hans. Málið var hafið í nóvember 1987, en tryggingafélagið hafði þá greitt „umsamdar fullnaðarbætur fyrir allt fjártjón Jóhannesar og miska“, eins og segir í skaðabótakvittun 9. október 1987. Í kvittuninni segir jafnframt, að allar kröfur vegna tjónsins séu að fullu greiddar, og öllum kröfum og endurgreiðslum á hendur þriðja aðila vegna þess er afsalað til félagsins. Ekkert er þarna vikið að hugsanlegri ábyrgð annarra eða eigin sök áfrýjanda. Ségir í

stefnu þess máls, sem nú er til úrlausnar, að áfrýjandi hafi með greiðslum frá tryggingafélaginu fengið helming tjónsins bættan. Hærra hlutfall hafi ekki verið greitt vegna þess, að í ljós hafi komið, að stefndu hafi borið sök „eigi síður og raunar frekar heldur en stefndu í eldra málinu“. Þessi staðhæfing á sér enga stoð í gögnum málsins aðra en bréf tryggingafélagsins til ríkislögmanns tæpum sjö árum síðar, þar sem segir: „Slysið mátti m. a. rekja til þess, að verkstjórn og öryggisráðstöfunum var verulega áfátt af hálfu rannsóknastofnunarinnar. Með hliðsjón af þessu og hugsanlegri eigin sök tjónþola var talið, að ábyrgð Davíðs Axelssonar sem vinnuveitanda Jóhannesar væri 50% á því líkamstjóni, sem hann hlaut í slysinu.“ Þetta álit tryggingafélagsins er ekki unnt að leggja til grundvallar, enda samræmist það ekki skilyrðislausu framsali áfrýjanda til félagsins á kröfum á hendur þriðja manni. Þá er að því að hyggja, að eftir uppgjörið við tryggingafélagið í október 1987 hófst áfrýjandi ekki handa um kröfugerð á hendur stefndu fyrir en 8. mars 1994.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að áfrýjandi sé ekki nú til þess bær að sækja stefnda um fébætur vegna tjóns, sem gert hefur verið upp gegn fyrirvaralausri kvittun um fullnaðarbætur og kröfuframsali til bótagreiðandans. Rétt er því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. nóvember 1995.

1. Mál þetta var höfðað með framlagningu stefnu í dómi 2. maí 1995 og dómtekið 25. f. m., en endurupptekið 31. s. m. og dómtekið að nýju 14. þ. m.

Stefnandi er Jóhannes Þór Guðbjartsson, kt. 100553-4069, Tungubakka 26, Reykjavík.

Stefndu eru iðnaðarráðherra f. h. Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Stefnandi gerir í málinu kröfu um greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 5.672.450 krónur, með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. mars 1995 til 2. maí 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags, og leggist dráttarvextir við höfuðstól í fyrsta sinn 2. maí 1996. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins auk álags á hann, er nemur virðisaukaskatti, eins og mál þetta væri

eigi gjafsóknarmál. Stefnanda var veitt gjafsókn í málinu með leyfi dómsmálaráðherra, dags. 2. janúar 1995.

Dómkröfur stefndu eru aðallega þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að kröfur hans verði lækkaðar verulega og málskostnaður látinn falla niður.

2. Stefnandi, sem er trésmiður, var starfsmaður Davíðs Axelssonar húsa-smiðameistara árið 1985. Um sumarið vann hann við byggingu um 600 m² skála fyrir Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins á Keldnaholti, og 1. ágúst varð hann fyrir slysi, er hann féll af þaki byggingarinnar. Þetta var tilraunabygging, þar sem notaðar voru forsteyptar vikureiningar í vegg og þak. Slysið varð, er unnið var að því að setja þakjárn á umræddar einingar. Hæð frá þakbrún til jarðar er um 6 metrar og þakhalli 10-12° (þ. e. minnsti leyfilegur halli).

Lögreglu var gert viðvart um slysið kl. 17.55, og kom hún á staðinn ásamt sjúkrabifreið, sem flutti stefnanda á slysadeild Borgarspítalans. Fulltrúi Vinnueftirlits ríkisins, sem kom kl. 19.20, gerði svofellda skýrslu: „... Smiðir, starfsmenn Davíðs Axelssonar byggingarmeistara, Stekkjarholti 34, Sel-fossi, unnu við að leggja járn á þak nýbyggingar. Þakið er með ca. 10° halla til beggja átta, og eftir kili þess endilöngum er byggt gluggahús. Stillt og gott veður var þennan dag og aðstaða góð til allra verka. Jóhannes var ásamt félögum sínum að leggja niður til festingar járnplötu, er hann steig út á blikkrennu, sem gengur eftir endilöngu þakskegginu. Lét rennan undan, og féll hann við það fram af þakinu og til jarðar, 6 m fall. Hvorki Jóhannes né smiðirnir báru öryggishjálma né notuðu líflínur með festingum í gluggahúsið á kilinum. Kröfur voru gerðar með hliðsjón af reglugerð um öryggisráðstafanir við byggingarvinnu nr. 204/1972 um, að starfsmenn notuðu öryggishjálma og líflínur við störf sín á þakinu.“

Í frumskýrslu lögreglu er haft eftir Sigurði Hermannssyni, eftirlitsstarfsmanni með nýbyggingunni: „Ég var uppi á þaki, er slysið vildi til. Var Jóhannes þar ásamt öðrum smiðum, en unnið var við að leggja þakplötur á þak hússins. Var Jóhannes ásamt þremur öðrum að bera þakplötu á milli sín, er allsnörp vindhviða kom. Við það tók allsnarlega í þakplötuna, og þar sem Jóhannes gekk mjög nálægt þakbrún, féll hann fram af þakinu, er vindurinn skall á þakplötunni. Í fallinu náði Jóhannes að grípa í þakrennu hússins, en missti takið eftir örskamma stund og kom standandi niður. Jóhannes var með fulla meðvitund eftir fallið og kvartaði mjög undan sársauka í hægri ökkla og rist.“ Í skýrslunni segir, að allhvasst hafi verið og gengið á

með sviptivindum (í skýrslu rannsóknarlögreglumanns: „Veður var stillt, en gola eða andvari annað slagið“). Þar segir einnig, að við þakbrún byggingarinnar hafi engin öryggisgrind verið. Fallhæð frá þakbrún muni vera 6 metrar, og stálplöturnar, sem unnið var við að klæða þakið með, séu 6,45 metrar á lengd.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands um vindhraða við Bústaðaveg 9 í Reykjavík 1. ágúst 1985 var meðalvindhraði „á athugunartíma“ kl. 18 austan 14 hnútar, „mest milli athugunartíma“ 15 hnútar og „mesta vindhviða frá síðustu athugun“ 21 hnútur. Samkvæmt skýringum veðurstofunnar samsvara 11-16 hnútar 4 vindstigum (stinningskalda) og 17-21 hnútur 5 vindstigum (kalda). Kl. 21 var meðalvindhraði „á athugunartíma“ óbreyttur svo og „mest milli athugunartíma“, en „mesta vindhviða frá síðustu athugun“ 24 hnútar (strekkingur).

Stefnandi gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu. Hann kvað veður hafa verið sviptivindasamt umræddan dag. Skömmu áður en slysið varð, hefðu þeir vinnufélagarnir fengið snarpan sviptivind í eina þakplötu og misst hana þannig, að hún hefði orðið ónothæf. Hann kvað bærustálsplöturnar hafa verið í bunka á þakinu þeim megin, sem ekki hafði verið lagt á þakið. Þegar slysið varð, hefðu þeir verið fjórir, sem sóttu saman sömu bárujárnsplötuna úr stæðunni og gengu með hana að þeim stað, sem leggja átti hana á. Hann hefði verið neðsti maður, þ. e. næst þakbrún. Þá hefði vindur verið það mikill, að þeir hefðu haldið á plötunni þannig, að annar langkantur hennar hefði verið dreginn eftir þakinu, svo að vindurinn næði ekki undir hana og næði að svipta henni úr höndum þeirra. Þegar þeir hefðu verið komnir með plötuna á ákvörðunarstað og ætlað að leggja hana að næstu plötu, hefði komið vindhviða, sem hefði hnykkt í hana með þeim afleiðingum, að stefnandi kipptist til og missti skyndilega jafnvægið. Hann hefði snúið baki að þakbrún, reynt að ná handfestu í fallinu, en fallið til jarðar. Um öryggisbúnað sagði stefnandi, að enginn verkpallur hefði verið við húsið eða handrið á þakbrún. Þá hefði enginn verið með hjálm eða líflínu. Hann kvaðst, er steypdur hefði verið bití milli efri brúnar útveggja og þakplatna, hafa farið fram á það við Davíð Axelsson, að verkpallar yrðu reistir upp við útveggina. Davíð hefði sagt, að ekki væri gert ráð fyrir þeim í útboðslýsingu á húsinu og þeir ekki fengist samþykktir. Davíð hefði ekki heldur fallist á, að grindverk yrði sett á þakbrúnir hússins, vegna kostnaðar, sem því fylgdi. Hann kvað engar líflínur hafa verið á staðnum, en hins vegar kaðla og hjálma. Að mati þeirra, sem unnu þarna, hefði verið talið óvinnandi við verkið með kaðal bundinn við fjóra menn. Stefnandi kvað eftirtalda menn hafa verið að vinna með sér: Erling Þorsteinsson, verkstjóra verktaka, Ein-

ar Kristján Haraldsson verkamann, Jóhann G. Guðbjartsson trésmið og Sigurð Hermannsson, eftirlitsmann verkkaupa. Hinn síðasttaldi hefði staðið ofan á járnabúntinu til þess að hindra, að járníð fyki, meðan verið var að taka úr búntinu. Hann hefði verið sjónarvottur að slysinu, og hefði hann haft mikil áhrif á, hvernig verk voru unnin við húsbygginguna.

Menn þessir, sem hér voru taldir, gáfu einnig skýrslu hjá rannsóknarlög-reglu.

Erlingur Þorsteinsson kvaðst hafa gegnt forystuhlutverki fyrir trésmiðahópnum án þess þó að hafa gegnt yfirmannsstarfi á vinnustað. Umræddan dag kvað hann veður hafa verið allgott, sólskin og aðeins golu. Um það leyti, sem slysið varð, hefðu komið vindhviður, enda sé nokkuð sviptivindasamt á staðnum. Það hefði þó ekki verið meira en svo, að þeir hefðu ekki hætt við verkið. Hann kvað þá hafa tekið þakplötu fjóra saman og raðað sér á annan kant hennar. Kveðst hann hafa verið við efri enda hennar, en stefnandi við hinn neðri. Þeir hefðu allir staðið hlé megin við plötuna og haldið öðrum kanti hennar uppi, en hinn dregist með þakinu. Þetta hefði verið gert til þess, að platan fyki ekki úr höndum þeirra, ef vindhviða kæmi. Þegar þeir hefðu verið komnir sem næst þeim stað, er leggja átti plötuna niður, hefði stefnandi af einhverjum ástæðum misst jafnvægið og fallið aftur fyrir sig fram af þakbrúninni.

Eftir Einari Kristjáni Haraldssyni er skráð: „Um það bil, sem þeir voru komnir á staðinn, hafi Jóhannes, sem var neðstur á plötunni, misst jafnvægið og fallið aftur fyrir sig fram af þakbrúninni. Vitnið kveðst halda, að einhver vindhviða hafi komið á plötuna og Jóhannes misst jafnvægið, þar sem hann stóð svo nálægt þakbrúninni. Þegar vitnið leit til Jóhannesar, var hann að missa jafnvægið, og virtist vitninu sem Jóhannes stigi með öðrum fæti í þakrennuna, áður en hann féll fram af þakinu.“

Jóhann G. Guðbjartsson, bróðir stefnanda, kvað sólskin og logn hafa verið, frá því að vinna hófst um morguninn og fram undir kl. 17, en þá farið að kula eða lítils háttar gola komið og farið að bera á sviptivindi. Nokkru áður en slysið varð, hefði ein þakjárnsplatan fokið til og eftir það verið fjórir menn um að leggja hverja plötu í stað tveggja áður. Hann kvað þá alla hafa staðið hlé megin við plötuna, meðan þeir drógu hana frá búntinu að þeim stað, sem hún skyldi lögð niður. Þetta hefði verið gert til þess, að þeir hefðu fullt vald á plötunni, ef sviptivindur kæmi á hana. Þegar þeir komu að þeim stað, sem platan skyldi lögð niður, hefði hann séð, að stefnandi var búinn að missa jafnvægið og féll fram af þakbrúninni aftur fyrir sig.

Davíð Axelsson kvaðst hafa lagt húsasmiði til umrædds verks, en ekki verið mikið á vinnustaðnum, því að um samið hefði verið, að starfsmenn

RB skyldu annast daglega verkstjórn. Hann kvaðst hafa rætt um það að setja handrið við þakbrúnir hússins við Sigurð Hermannsson, eftirlitsmann og verkstjóra RB með nýbyggingunni. Hefði ekki verið hægt að setja handrið við þakbrúnir, en hann kvaðst hafa lagt til, að notaðar væru trönur, sem stæðu niðri á jörð og upp fyrir þakbrúnir, og handrið sett á þær. Þetta hefði Sigurður ekki fallist á, talið það of viðamikið og kostnaðarsamt, þar sem húsið væri svo stórt og ekki hættulegt að vinna á þakinu vegna lítils halla.

Sigurður Hermannsson, rannsóknarmaður í byggingarrannsóknnum hjá RB á Keldnaholti, lýsti aðdraganda slyssins í aðalatriðum á sama veg og fyrr er fram komið. Þegar mennirnir hefðu verið við þann stað, sem leggja skyldi plötuna niður, hefði hann séð, hvar stefnandi missti skyndilega jafnvægið og féll aftur fyrir sig út af þakbrúninni. Hann kvaðst hafa verið eftirlitsmaður með vinnu trésmiðahópsins frá Davíð og einnig verkstjóri þeirra ásamt því að annast efnisútvegum og samræmingu vinnutilhögunar á staðnum. Hann kvað Davíð Axelsson hafa lagt til öryggishjálma fyrir starfsmenn sína, en enginn þeirra, sem voru á þakinu í umrætt sinn, hefði verið með hjálm á höfði. Hins vegar kannaðist hann ekki við, að neinir starfsmenn Davíðs Axelssonar eða RB hefðu farið fram á, að vinnupallar eða handrið meðfram þakbrúnum yrðu reist. Þakhalli hefði verið mjög lítil, 12%, og venjulega væru ekki sett handrið við þakbrúnir á svo auðunnum þökum.

3. Í málinu liggja frammi ýtarleg vottorð lækna slysadeildar Borgarspítalans. Stefnandi slasaðist illa á hægri ganglim, hælbein mölbrotnaði með óvenjumikilli samþjöppun og tilfærslu, og brot kom gegnum neðsta hluta sköflungs. Skurðaðgerðir voru framkvæmdar, og stefnandi kom margoft til skoðunar og eftirlits allt fram að ritunartíma síðasta vottorðsins, 24. maí 1993.

Björn Öundurson læknir mat örorku stefnanda 25. 1. 1987. Segir þar: „Slasaði mun á komandi tíð eiga erfitt með að sinna störfum, sem krefjast þess, að hann gangi mikið eða standi, svo að nokkru nemi. Ekki eru líkur til, að úr rætist héðan af, og þykir fremur líklegt, að halli nú undan fæti, hvað færni hægri ganglims snertir.“ Niðurstaða: Frá slysdegi talið í fjórtán og hálfan mánuð 100%, eftir það í tvo mánuði 75%, varanleg örorka 35%.

Í ágúst 1987 höfðaði stefnandi máls þessa mál til heimtu skaðabóta, að fjárhæð 6.500.000 krónur, á hendur Davíð Axelssyni og til réttargæslu á hendur Tryggingu hf., sem Davíð hafði ábyrgðartryggingu hjá. Málið var hafið í nóvember s. á., en þá hafði Trygging hf. greitt stefnanda umsaminn hluta fjártjóns hans og miska, 14. 5. 1986 117.570 kr., 2. 3. 1987 117.570 kr.

auk dagpeninga, 52.211 kr., og 9. 10. 1987 1.175.000 krónur, allt auk vaxta og kostnaðar, og er skráð á kvittanir: „... og eru allar kröfur vegna þessa tjóns þar með að fullu greiddar. Jafnframt afsalast til Tryggingar hf. allar endurgreiðslur eða kröfur á hendur þriðja aðila vegna tjónsins“.

Sigurjón Sigurðsson læknir mat örorku stefnanda 20. júlí 1993. Segir þar í lokakafli:

„Hér er um að ræða mann, sem lendir í slysi í ágúst 1985, þar sem hann braut hælbein, sköflung og skaðaði tibialis-taug ásamt beygjuvöðvum fyrir hægri tær.

Vegna þess áverka var hann metinn til 35% varanlegrar örorku 25. 1. 1987. Frá því þá hefur honum versnað að mun og gengist undir fjórar aðgerðir, og nú er hann kominn með staurlið í ökkla og þar í kring. Þetta hefur haft töluverð áhrif á göngulag, og hann er með rýra vöðva á kálfa og lærum og rasskinn og farinn að fá vaxandi einkenni frá baki vegna breytts göngulags.

Nú er þetta langt um liðið, frá því að síðasta aðgerð var gerð, og hann hefur ekki skánað. Er því sýnt, að hér er um töluverða versnun að ræða.

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, þykir nú rétt að meta þá varanlegu örorku, sem hinn slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og er það sem hér segir:

Varanleg örorka 45% samtals, það er að segja 10% aukning á það örorkumat, sem hann fékk árið 1987. Þess skal getið, að hann er metinn til 75% almennrar örorku og fær því ekki eingreiðslu frá Tryggingastofnun.“

Á grundvelli þessa mats var tjón stefnanda reiknað út að nýju, og greiddi Trygging hf. 6. 1. 1994 viðbótarbætur, að fjárhæð 154.100 kr., og 16. 3. 1994 455.900 kr. auk vaxta og kostnaðar með sama fyrirvara prentaðan á kvittun sem fyrr.

Kröfum var beint að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins með bréfi, dags. 8. mars 1994. Með bréfum ríkislögmans, dags. 8. júlí 1994 og 22. ágúst s. á., var bótaskyldu hafnað. Tekið var fram, að sjónarmið lögmans Tryggingar hf., sem fram komu í bréfi, dags. 2. júní 1994, breyttu engu í þeim efnum, en þar segir: „... Ljóst var, að verkstjórn og öryggisráðstafanir voru í höndum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, er unnið var við að setja þakplötur á þak nýbyggingarinnar. Slysið mátti m. a. rekja til þess, að verkstjórn og öryggisráðstöfunum var verulega áfátt af hálfu rannsóknastofnunarinnar. Með hliðsjón af þessu og hugsanlegri eigin sök tjónþola var talið, að ábyrgð Davíðs Axelssonar sem vinnuveitanda Jóhannesar væri 50% á því líkamstjóni, sem hann hlaut í slysinu ...“

4. *Málsástæður stefnanda og lagarök.*

Fjárfkrafa stefnanda, sem styðst við tjónsútreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, dags. 17. 3. 1995, ásamt viðbótarútreikningi 12. 4. 1995, er miðaðist við 4,5% framtíðarvexti, sundurliðast þannig:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	787.800
Vegna varanlegrar örorku	–	9.535.000
Samtals	–	10.322.800
50% krafa af þeirri fjárhæð	–	5.161.400
Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda	–	572.100
50% krafa af þeirri fjárhæð	–	286.050
Samtals dómkrafa vegna örorku	–	5.447.450
Miskabætur 50%	–	225.000
Samtals dómkrafa	–	5.672.450

Féðbótaábyrgð stefnda reisir stefnandi í fyrsta lagi á því, að hann hafi verið undir verkstjórn starfsmanns stefnda, er slysið varð, og að hann beri ábyrgð á þeirri saknæmu háttsemi starfsmannsins að láta vinnu við verkið halda áfram án nokkurra öryggisráðstafana, þrátt fyrir það að augljós hætta hafi stafað af foki þakplatnanna.

Í öðru lagi heldur stefnandi því fram, að stefnda sem eiganda og byggjanda nýbyggingar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins að Keldnaholti hafi borið að gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra manna, sem unnu að verkinu, annaðhvort með því að setja upp vinnupalla við húsið eða handrið á þakbrún, sem hafi mátt gera á einfaldan og auðveldan hátt. Að auki hafi aðstæður á vinnustað brotið í bága við skýr ákvæði þágildandi reglugerðar nr. 204/1972 um öryggisráðstafanir við byggingarvinnu, einkum 9. og 17. gr.

Tekið er fram, að málatilbúnaður á hendur Davíð Axelssyni og tryggingafélagi hans og uppgjör við stefnanda hafi á engan hátt áhrif á ábyrgð stefndu í máli þessu, þar sem það mál hafi verið rekið á hendur óskyldum aðilum og í máli þessu sé einungis krafið um þann hluta skaðabóta til handa stefnanda, sem ekki hafi verið greiddur úr hendi fyrrgreindra aðila. Að auki hafi það ekki sætt neinum andmælum af hálfu þeirra að bæta stefnanda viðbótarörorkuna þrátt fyrir ákvæði staðlaðs kvittunareyðublaðs um fyrirvaralausla kvittun.

Um greiðsluskyldu stefndu vísar stefnandi til reglna skaðabótaréttar um húsbónðaábyrgð og vanbúnaðar á byggingarstað.

5. Málsástæður stefndu og lagarök.

Með stefnu, út gefinni 17. ágúst 1987, beindi stefnandi réttilega skaðabótakröfu sinni á hendur Davíð Axelssyni og tryggingafélagi hans. Í stefnunni segir, að verkstjóri starfsmanna Davíðs Axelssonar hafi verið Erlingur Þorsteinsson og að stefnandi styðji kröfugerð sína þeim lagarökum, að Davíð Axelsson beri ábyrgð á slysinu á grundvelli almennu skaðabótareglunnar og reglna um ábyrgð vinnuveitenda á saknæmu atferli starfsmanna sinna.

Stefnandi hefur þegar samið um greiðslu skaðabóta vegna þess tjóns, sem hann varð fyrir, og gert þær upp að fullu. Jafnframt hefur hann afsalað tryggingafélaginu öllum endurgreiðslum eða kröfum á hendur þriðja aðila vegna tjónsins.

Við uppgjör stefnanda við tryggingafélagið árið 1987 var enginn fyrirvari gerður um bótaskyldu annarra aðila eða neitt samband haft við stefndu í máli þessu eða áskilnaður gerður um, að bætur yrðu einnig sóttar á hendur þeim.

Þessar staðreyndir hljóta einar og sér að leiða til sýknu stefndu í máli þessu.

Væri sú skoðun stefnanda rétt, að vanræksla af hálfu starfsmanna Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins leiði til bótaábyrgðar stofnunarinnar eða ríkissjóðs, kynni tryggingafélagið, sem tjónið greiddi, að eiga endurkröfurétt að hluta á hendur stefndu.

Stefnandi samdi um lokauppgjör við tryggingafélagið, sem virðist hafa litið svo á, að eigin sök tjónþola væri mikil og stefnandi sættist á þá niðurstöðu, sem í uppgjörinu fólst.

Ástæða er til að taka fram, að starfsmaður Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins var eftirlitsmaður stofnunarinnar með byggingarframkvæmdunum, en fór ekki með verkstjórn yfir starfsmönnum annarra, þótt sjálfsagt hafi hann haft áhrif eftir þörfum á framkvæmd verksins og þannig gegnt verkstjórnarþætti gagnvart vinnuveitanda sínum.

Fari svo, að dómurinn telji stefndu bera að hluta ábyrgð á slysi stefnanda, er gerð krafa um verulega lækkun kröfunnar, þar sem eigin sök stefnanda sé augljós og raunar viðurkennd af hálfu hans með uppgjörinu.

Sérstakar öryggisráðstafanir áttu ekki að vera nauðsynlegar. Halli þaksins, áferð þakflatar eða veðurskilyrði áttu ekki að geta valdið því, að menn féllu niður, ef eðlileg aðgát var höfð, sbr. 1. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 204/1972 um öryggisráðstafanir við byggingarvinnu.

Þá kemur fram í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins, að stefnandi hafi stigið út af þakbrún á blikkrennu, sem gekk eftir endilöngu þakskegginu, og hafi rennan látið undan. Við það féll stefnandi fram af þakinu og til jarðar.

Samkvæmt þessu verður að telja, að óaðgæsla stefnanda sjálfs hafi verið helsta orsök þess slyss, sem hann varð fyrir.

Tekið er fram, að sérstakur verksamningur við Davíð Axelsson hafi ekki fundist og ekki nema fáir reikningar. Það er ekki fyrir en í mars 1994, sem stefnandi lætur í ljós þá skoðun, að hann kunnir að eiga kröfu um bætur á hendur stefndu. Með þessu aðgerðaleysi sínu gagnvart stefndu samfara uppgjöri við tryggingafélag atvinnuveitanda síns, hefur stefnandi firrt sig rétti gagnvart stefndu, hafi hann einhvern átt.

6. Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur stefnandi, Sigurður Hermannsson og Davíð Axelsson, sem gáfu, eins og áður greinir, skýrslur hjá rannsóknarlögreglu í september 1986. Einnig gaf skýrslu fyrir dóminum Haraldur Ásgeirsson, fyrrverandi forstjóri Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

Stefnandi kvað Erling Þorsteinsson hafa verið elstan smiðanna og gegnt verkstjórahlutverki við fyrri verkefni, en við verkefni það, sem hér var unnið að, hefði Sigurður Hermannsson verið verkstjóri og tekið allar ákvarðanir. Hann kvað Sigurð endilega hafa viljað, að þeir lykju á umræddum degi við þann helming þaksins, sem þeir voru að vinna við. Hann kvaðst hafa verið lærður húsasmiður frá því 1979 eða 1980, og við hús RB hefði verið unnið í nokkrar vikur, er slysið varð, og hefðu þeir, menn Davíðs Axelssonar, unnið við tréverk, glugga, hurðir, millihús, steypu á bita og lagningu þakplatna. Eins og áður greindi, hefði hann farið fram á það við Davíð Axelsson, að verkpallar yrðu reistir við útvegg, þegar steypur hefði verið biti milli efri brúnar útveggja og þakplatna. Sá biti hafi tilheyrt þakinu. Hann kvað beðið hafa verið um „stillansa“, þar sem ekki hefði verið hægt að koma fyrir einhverju einfaldara, vegna þess að endanleg áferð hefði verið á veggjum og ekki mátt festa bolta í húsið, en ekkert timbur í þaki. Hjálmana á staðnum kvað hann hafa verið ólarlausa og líflínur hefðu verið almennt óþekktar á umræddum tíma. Hann skýrði svo frá aðdraganda slyssins, að sviptivindur hefði tekið í plötuna, þegar verið var að leggja hana niður; hann hefði þá stigið skref aftur á bak með tá ofan í rennu og síðan hrapað út af þakinu, en þó náð taki á plötunni um leið.

Sigurður Hermannsson byggingarmeistari kvaðst, er slysið varð, hafa verið starfsmaður Rannsóknastofnunar atvinnuveganna, lánaður frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, en fyrrgreind stofnun hefði reist umrætt hús fyrir hina síðarnefndu. Hann kvað hlutverk sitt hafa verið að sjá um efnisútvegum og samræmingu milli verktaka og að hafa eftirlit með þeim. Hann hafi sem byggingarstjóri ýtt verkinu áfram og stjórnað því, sem verið

var að gera hverju sinni, en ekki verið verkstjóri yfir hinum einstöku iðnaðarmönnum. Hann kvaðst í umrætt sinn hafa lagt áherslu á, að lokið yrði við að leggja járníð fyrir kvöldið. Plöturnar hefðu verið uppi á þaki. Gott veður hefði verið framan af degi, en farið að gera vindsveipi, er á leið. Veður hefði ekki verið svo vont, að óforsvaranlegt hefði verið að leggja járníð, og enginn talið, að svo væri. Hann kvað stefnanda hafa staðið tæpt, þótt hann hefði ekki séð fætur hans, þaðan sem hann stóð sjálfur á hinum helmingi þaksins, og við það, að vindhviða ýtti á plötuna, hefði hann stigið aftur á bak og fallið niður af þakinu. Hann mundi ekki til, að beðið hefði verið um verkpalla, þótt bryddað hefði verið á því í upphafi. Það hefði aldrei komið til greina, að það væru handrið eða verkpallar, vegna þess að „í praxís gerist það ekki á svona flötu þaki“. Hann kvaðst ekki vita, hvort nokkur hefði verið skráður meistari að húsinu, en teikningar hefðu verið til.

Davíð Axelsson kvaðst hafa samið við Harald Ásgeirsson, forstjóra Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, um að koma inn í verkið í tíma-vinnu. Hann kvaðst hafa ekið með smiðina á byggingarstað en ekki verið þar að öðru leyti, enda hefði stofnunin séð um daglega verkstjórn, eins og sér hefði verið tilkynnt þegar í upphafi. Hann kvað alla starfsmennina hafa verið vana. Hann kvaðst ekki hafa skrifað upp á pappíra sem meistari og ekki setið byggingarfundi (með Haraldi Ásgeirssyni, Vilhjálmi Lúðvíkssyni og Sigurði Hermannssyni).

Haraldur Ásgeirsson kvað rannsóknastofnanir atvinnuveganna (fimm að tölu, þ. á m. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins) hafa haft sameiginlega skrifstofu, en hús það, sem um ræðir í málinu, hefði Rannsóknarráð byggt fyrir RB, sem hafi haft eftirlit með öllu saman; byggingin hefði verið rannsóknarverkefni. Sigurður Hermannsson, sem hafi verið rannsóknarmaður við stofnunina, hafi haft það hlutverk sem samræmingaraðili að fylgja byggingunni eftir og sjá um, að framkvæmdir gengju áfram. Hann kveður stofnunina hafa þurft aukamannskap til að koma húsinu upp, og því hefði verið haft samband við Davíð Axelsson, sem hefði útvegað menn. Hann kvaðst ekki minnst þess, að rætt hefði verið um handrið eða verkpalla.

Lagðir hafa verið fram nokkrir reikningar Davíðs Axelssonar á hendur Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, og fylgja þeim yfirlit yfir vinnu-tíma og tímavinnugjald vegna einstakra starfsmanna.

7. Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 8. mars 1994, til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins var óskað eftir afstöðu hennar til málsins og

kröfunnar, sem gæti í grófum dráttum numið helmingi af 8 milljónum að frádregnum skatti og eingreiðsluhagræði. Erindið var framsent iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og síðan embætti ríkislögmans, sem aflaði nokkurra upplýsinga, m. a. umsagnar Tryggingar hf., sem barst með bréfi, dags. 21. júní s. á. Svarbréf ríkislögmans til lögmans stefnanda er dagsett 8. júlí 1994. Í niðurlagi þess segir, að ókleift sé að halda því fram „nú, mörgum árum síðar, að enn sé óbættur hluti tjónsins, sem annar aðili en Trygging hf. beri ábyrgð á. Þegar af þeim ástæðum, sem að framan greinir, er kröfum yðar hafnað“.

Við endurupptöku málsins var þess óskað á grundvelli 104. gr. laga nr. 91/1991, að aflað yrði útreiknings tryggingafræðings á verðmæti greiðslna Tryggingar hf. til stefnanda miðað við útreikningsdag 17. 3. 1995 og að viðhöfðum sömu vaxtaforsendum og í tjónsútreikningi þeim, sem dómkrafa stefnanda miðast við. Í skýrslu Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, sem var falinn útreikningurinn, kemur fram, að greiðslurnar, samtals 2.489.609 krónur, nemi að verðmæti 3.331.054 krónum með vaxtareikningi til 17. 3. 1995 á grundvelli einfaldra vaxta af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands. Í skýrslunni segir: „Þess er að gæta, að greiðslur upp í tjónið hafa væntanlega byggst á gömlum útreikningi, þar sem tekjur eru aðrar en nú og vextir einnig. Auk þess hefur líklega komið til frádráttur vegna skattfrelsis, þegar greitt var. Erfitt er að bera fyrri upphæðir saman við þær, sem fást nú, þegar tjónið er reiknað að nýju. En hafi helmingur tjónsins verið gerður upp með fyrri greiðslum, þarf væntanlega aðeins að gera upp síðari helminginn nú.“

Vegna byggingaraðferðar verður ekki talin hafa verið brýn nauðsyn á vinnuþöllum eða handriði, og eins og á stóð, er það álit dómsins, að skortur þessa verði ekki metinn húsbýggjanda til sakar.

Komið hefur fram, að kaðlar hafi verið á vinnustaðnum, sem auðvelt hefði verið að festa í þakglugga, en þeir ekki nýttir sem öryggistæki. Hins vegar voru svonefndar líflínur almennt lítið notaðar á þeim tíma, sem hér um ræðir, enda þótt Davíð Axelsson keypti þær eftir slysið.

Stefnandi var vanur smiður eins og þeir, sem með honum unnu. Það er mat dómsins, að ekki hafi verið sýnd fyllsta aðgát, þegar verið var að koma þakplötum fyrir. Í stað þess að standa vind megin plötu og ganga með hana á undan sér stóðu smiðirnir hlé megin við plötuna og gengu aftur á bak. Þetta verður talið hafa valdið því, að vindhviða hefur ýtt við stefnanda með þeim afleiðingum, að hann steig aftur á bak og út af þakbrúninni.

Sigurður Hermannsson, eftirlitsmaður húsbýggjanda, hafði með höndum samræmingu verkþátta og byggingarstjórn. Ekki verður talið á grundvelli

málgagna, að það hafi verið á verksviði hans að ákveða, hvernig smiðirnir stóðu að verki við lagningu þakjárnsins. Þá verður eigi séð, að veður hafi verið það slæmt, að það verði metið Sigurði Hermannssyni til sakar, þó að hann hafi óskað eftir, að stefndi og vinnufélagar hans lykju við að leggja niður járníð á umræddum degi.

Samkvæmt framanrituðu er niðurstaða dómsins sú, að ábyrgð á slysi stefnanda verði eigi lögð á stefndu. Ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefndu af kröfum stefnanda, og þarf þá eigi að taka afstöðu til annarra málsástæðna stefndu, sem einnig kunna að leiða til sömu niðurstöðu.

Eftir atvikum þykir rétt að ákveða, að málskostnaður falli niður.

Allur kostnaður stefnanda af málinu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns hans, Björns L. Bergssonar héraðsdómslögmanns, 300.000 krónur.

Mál þetta dæma Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari og meðdómendurnir Ármann Jóhannesson verkfræðingur og Steingrímur Hauksson tæknifræðingur.

D ó m s o r ð:

Stefndu, iðnaðarráðherra f. h. Rannsóknastofnunar byggingar-iðnaðarins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eru sýknaðir af kröfum stefnanda, Jóhannesar Þórs Guðbjartssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Allur kostnaður stefnanda af málinu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns hans, Björns L. Bergssonar héraðsdómslögmanns, 300.000 krónur.